

## **Fornfræði í 6. bekk fornmáladeildar I**

### **Námsefni:**

Fjölrit frá kennara

### **Námsmat:**

Tvö stutt áfangapróf á hvoru misseri.

Eitt skilaverkefni á hvoru misseri. Að hausti velur hver nemandi, í samráði við kennara, samræðu eftir Platón. Nemandi kynnir samræðuna í tíma og skilar útdrætti. Að vori velja nemendur nútímaskáldsögu byggða á fornum heimildum og vinna sams konar verkefni.

**Námseinkunn** á stúdentsprófi (50%) er sett saman úr eftirfarandi þáttum:

4 áfangapróf (40%), 2 skilaverkefni með kynningu (40%), mæting/virkni (20%).

**Prófseinkunn** á stúdentsprófi (50%) byggir á þriggja tíma skriflegu prófi úr námsefni vetrarins (70%) og námsefni 5. bekkjar (30%). Engin hjálpargögn eru leyfð.

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar